

## 4. gr.

Tryggingastofnun ríkisins tekur aðeins þátt í kostnaði við skorufyllur fullorðinsjaxla annarra en endajaxla og því aðeins að minna en tvö ár séu frá uppkomu viðkomandi tanna. Stofnunin tekur ekki þátt í kostnaði við endurgerð skorufylla.

Tryggingastofnun er ekki heimilt að taka þátt í kostnaði við gerð fyllingar í tönn ef minna en tvö ár eru liðin frá því fylling eða skorufylla var sett í sama flöt tannarinnar.

## 5. gr.

Tryggingastofnun ríkisins tekur þátt í kostnaði elli- og örorkulífeyrisþega vegna smíði gervigóma, heilgóma eða parta á sex ára fresti hið mesta og fóðrana þeirra á þriggja ára fresti hið mesta.

Heimilt er, þegar sérstakar ástæður krefja, að veita undanþágu frá þessu ákvæði að undangenginni umsókn. Skal ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins liggja fyrir áður en meðferð hefst.

Ekki er heimilt að taka þátt í kostnaði elli- og örorkulífeyrisþega vegna gullfyllinga, króna, brúa eða annarrar sambærilegrar meðferðar, svo sem tannplanta.

Heimilt skal þó, í undantekningartilvikum og að undangenginni umsókn, að taka þátt í kostnaði elli- og örorkulífeyrisþega við ísetningu tveggja tannplanta í ótenntan neðri góm enda hafi aðrir meðferðarmöguleikar áður verið útilokaðir að mati Tryggingastofnunar ríkisins.

## 6. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 66. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993, sbr. síðustu mgr. 36. og 37. gr. s.l., og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 664/1996.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 1. janúar 1999.*

**Ingibjörg Pálmadóttir.**

*Davíð Á. Gunnarsson.*

## REGLUR

### **um þátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í kostnaði við tannlækningar vegna alvarlegra afleiðinga fæðingargalla, sjúkdóma og slysa.**

## 1. gr.

Greiðslur tannlækniskostnaðar skv. reglum þessum miðast við gildandi gjaldskrá Tryggingastofnunar ríkisins á hverjum tíma. Sækja skal um þátttöku í kostnaði til Tryggingastofnunar ríkisins áður en meðferð, önnur en bráðameðferð, hefst.

## 2. gr.

Tryggingastofnun ríkisins greiðir 90% nauðsynlegs kostnaðar við almenna tannlæknismeðferð þeirra barna sem falla undir 1., 2. og 3. flokk reglugerðar nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna, svo og andlega þroskahamlaðra einstaklinga, 17 ára og eldri, sem dveljast á vistheimilum eða sambýlum skv. reglugerð félagsmálaráðuneytisins nr. 555/1994 um búsetu fatlaðra. Þátttaka sjúkratrygginga í almennum tannlækniskostnaði hvers einstaklings, án umsóknar, takmarkast við greiðslu allt að 30.000 kr. á hverju 12 mánaða tímabili. Þátttaka í kostnaði vegna umfangsmeiri meðferðar er háð samþykki Tryggingastofnunar að undangenginni umsókn.

Tryggingastofnun ríkisins greiðir 75% nauðsynlegs kostnaðar vegna barna, 17 ára og yngri, en 50% kostnaðar vegna einstaklinga 18 ára og eldri. Heimilt er að auka þátttöku í kostnaði í allt að 90% af kostnaði samkvæmt reglum tryggingaráðs, vegna efnaleysis umsækjanda eða forráðenda þeirra.

Heimilt er að taka þátt í kostnaði við nauðsynlega endurnýjun tannaðgerða sem stofnað hefur verið til vegna alvarlegra afleiðinga fæðingargalla, sjúkdóma eða slysa, þegar sýnt þykir að endurnýjunar er þörf vegna takmarkaðs endingartíma viðurkenndra efna eða aðferða.

### 3. gr.

Tryggingastofnun ríkisins tekur þátt í kostnaði við nauðsynlegar tannlækningar, aðrar en tannréttingar, vegna eftirtalinnna tilvika, enda verði þau ekki rakin til stórkostlegs gáleysis umsækjanda, sbr. 4.-7. tl.:

1. Meðfæddrar tannvöntunar.
2. Vansköpunar tanna sem leiðir til alvarlegra útlitsgalla eða starfrænna truflana þeirra.
3. Rangstæðra tanna, sem valdið geta alvarlegum skaða.
4. Alvarlegra einkenna frá kjálkaliðum eða tyggivöðvum.
5. Alvarlegrar sýrueyðingar tannvefs.
6. Alvarlegs niðurbrots á stoðvefjum tanna einstaklinga 25 ára og yngri.
7. Annarra sambærilegra alvarlegra tilvika.

### 4. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal taka þátt í kostnaði við nauðsynlegar tannréttingar vegn eftirtalinnna alvarlegra tilvika:

1. Skarðs í vör eða gömi sem valdið getur grófri tannskekku.
2. Meðfæddrar tannvöntunar 4 eða fleiri fullorðinstanna, framan við tólfárajaxla, sem ekk verður bætt án réttingar.
3. Annarra sambærilegra tilvika, s.s. alvarlegs misræmis í vexti kúpu og kjálka.

### 5. gr.

Veita skal styrk vegna kostnaðar við tannréttingar barna og ungmenna, 20 ára og yngri, vegna annarra tilvika en um getur í 4. gr. samkvæmt reglum tryggingaráðs. Ákvæði 2. ml. 2. mgr. 2. gr. um tekjutengingu nær ekki til styrkja vegna tannréttinga samkvæmt þessari grein.

### 6. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal taka þátt í kostnaði við nauðsynlegar tannlækningar vegna alvarlegra slysaatburða þegar slys verður ekki rakið til ásetnings eða stórkostlegs gáleysis umsækjanda og slysatryggingar samkvæmt lögum um almannatryggingar bæta ekki kostnað eða skaðabætur þriðja aðila fást sannanlega ekki greiddar.

Áverkavottorð og lögregluskýrsla skulu fylgja umsóknum einstaklinga, 18 ára og eldri, um þátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í kostnaði vegna slysaatburða.

### 7. gr.

Heimilt er að endurgreiða kostnað við tannplantaaðgerðir vegna tilvika sem falla undir 3., 4. og 6. gr., sbr. 2. gr., svo sem hér greinir:

1. Kosið er að beita tannplöntum í stað hefðbundinna aðgerða og er þá endurgreiðslufjárhæðin í báðum þessum tilvikum hin sama.

2. Gert er að meiriháttar vanskapnaði og sambærilegum áunnum lýtum og slysaáverkum þegar sýnt þykir að viðunandi árangur náist þá aðeins að tannplantar séu notaðir, enda hafi aðrir möguleikar hefðbundinna aðgerða áður verið kannaðir.

## 8. gr.

Reglur þessar eru settar, að fengnum tillögum tryggingaráðs, skv. c-lið 33. gr., sbr. síðustu málsgrein 36. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 663/1996.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 1. janúar 1999.*

**Ingibjörg Pálmadóttir.**

*Davíð Á. Gunnarsson.*

## SKIPULAGSSKRÁ

**fyrir Berklaveikrasjóðinn Þorbjörgu.**

## 1. gr.

Sjóður þessi var stofnaður af hjónunum Thor Jensen kaupmanni í Reykjavík og konu hans Margræti Þorbjörgu. Skipulagsskrá fyrir sjóðinn var staðfest 15. apríl 1915 og er nafn sjóðsins: Berklaveikrasjóðurinn Þorbjörg.

## 2. gr.

Stofnfé sjóðsins voru hlutabréfin Ltr. E. nr. 21, að upphæð 1.000 kr. og Ltr. F. nr. 1 að upphæð 5.000 kr. í hlutafélaginu Eimskipafélag Íslands og 400 kr. - fjögur hundruð krónur - í peningum. Í árslok 1997 er hlutfjáreign sjóðsins í Eimskipafélaginu að nafnverði 3.073.908 kr. og peningaeign hans 2.895.647 kr.

## 3. gr.

Hinn 1. janúar 1998 voru tíu sjóðir sameinaðir Berklaveikrasjóðnum Þorbjörgu og eiga þeir allir það sameiginlegt að hafa verið stofnaðir í þeim tilgangi að styrkja berklasjúklinga. Peningaeign sjóðanna í árslok 1997 var 302.804 kr. og hlutabréfaeign í Eimskipafélagi Íslands hf. að nafnverði 25.618 kr., sbr. 2. málsg. þessarar greinar.

Um er að ræða eftirtalda sjóði:

	<b>Peningaeign 31. des. 1997</b>
Minningarsjóður Björns Vilhjálmssonar (nr. 130/1912) .....	6.130
Minningarsjóður Þorvaldínu S. Jónsdóttur (nr. 63/1915) .....	35.477
Styrktarsjóður sjúklinga Hressingarhælisins í Kópavogi (nr. 124/1939) .....	19.221
Gjafasjóður Guðna Brynjólfssonar (nr. 132/1941) .....	8.997
Gjafasjóður Lenu Brandson (nr. 133/1941) .....	35.812
Gjafasjóður Sigurðar Erlendssonar (nr. 134/1941) .....	84.572
Gjafasjóður G. Aubertin (nr. 135/1941) .....	16.754
Barnadeildarsjóður Vífilsstaða (nr. 136/1941) .....	1.533
Gjöf Þórðar Sigmundssonar (nr. 137/1941) .....	83.828
Gjafasjóður Sigríðar Ásgeirsdóttur (nr. 144/1941) .....	<u>10.480</u>
Samtals	302.804
	<b>Hlutfjáreign 31. des. 1997</b>
Gjafasjóður Sigurðar Erlendssonar (nr. 134/1941) .....	<u>25.618</u>
Samtals	25.618